# REIKNINGUR

## yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1967.

### Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sjóður frá fyrra ári | | kr. | 27 918 817.43 |
| 2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda: | | | |
| a. Innlög á árinu | kr. 1 499 886.47 | | |
| b. Verðlaun úr Minningarsjóði Eiríks prófessors Briems | — 1 233.95 | | |
| c. Vaxtabætur Söfnunarsjóðsins | — 28 183.59 | | |
| Innstæðuaukning alls | kr. 1 529 304.01 | | |
| d. Vextir lagðir við höfuðstól | — 1 967 440.88 | | |
| | | — | 3 496 744.89 |
| 3. Vextir af útlánum | kr. 2 665 407.92 | | |
| 4. Þóknun, dráttarvextir o. fl. | — 54 513.20 | | |
| 5. Vextir geymdir til útborgunar 1968 | — 419 365.13 | | |
| | | — | 3 139 286.25 |
| | | Kr. | 34 554 848.57 |

### Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1967: | | | |
| a. Ársvextir 9.5% | kr. 2 348 240.02 | | |
| b. Dagvextir 8.5% | — 38 565.99 | | |
| | | kr. | 2 386 806.01 |
| 2. Kostnaður: | | | |
| a. Launagreiðslur | kr. 114 600.00 | | |
| b. Annar kostnaður | — 85 636.10 | | |
| | | — | 200 236.10 |
| 3. Vextir er féllu til útborgunar 1967 | kr. 344 749.59 | | |
| 4. Höfustóll greiddur á árinu | — 111 284.02 | | |
| | | — | 456 033.61 |
| 5. Sjóður í árslok 1967: | | | |
| a. Veðskuldabréf | kr. 6 899 480.00 | | |
| b. Skuldabr. bæjar- og sveitarfélaga | — 8 053 078.70 | | |
| c. — byggingasamvinnufél. með ríkisábyrgð | — 13 073 921.09 | | |
| d. bankavaxtabréf | — 655 000.00 | | |
| e. önnur skuldabréf með ríkisábyrgð | — 1 450 000.00 | | |
| Verðbréfaeign samtals | kr. 30 131 479.79 | | |
| f. Óinnheimtir vextir | — 1 271 466.54 | | |
| g. Skrifstofugögn | — 17 930.00 | | |
| h. Innstæða í Seðlabanka Íslands | — 1 067.40 | | |
| i. Í sjóði hjá féhirði | — 89 829.12 | | |
| | | — | 31 511 772.85 |
| | | Kr. | 34 554 848.57 |

## Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1967.

Eignir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Veðskuldabréf | kr. 30 131 479.79 | | |
| 2. Óinnheimtir vextir | — 1 271 466 54 | | |
| 3. Skrifstofugögn | — 17 930.00 | | |
| 4. Innstæða í Seðlabanka Íslands | — 1 067.40 | | |
| 5. Sjóður hjá féhirði | — 89 829.12 | | |
| | | kr. | 31 511 772.85 |
| | | Kr. | 31 511 772.85 |

Skuldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Innstæður vaxtaeigenda: | | | |
| a. Aðaldeild | kr. 22 111 700.49 | | |
| a. Erfingjarentudeild | — 582 356.07 | | |
| c. Útborgunardeild | — 6 795 974.81 | | |
| | | kr. | 29 490 031.37 |
| 2. Vextir fyrir 1967, geymdir til útborgunar | | — | 419 365.13 |
| 3. Varasjóður | | — | 1 602 376.35 |
| | | Kr. | 31 511 772.85 |

Reykjavík, 28. febrúar 1968.

**Gunnlaug Briem. Jón Skaftason.**

Nr. 270. 11. september 1968.

# AUGLÝSING

## um niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum, sem hafa eyðilagzt, skemmst eða rýrnað.

Fjármálaráðuneytið mun nota heimildir sínar í 2. tölulið 3. gr. og 4. mgr. 10. gr. tollskrárlaga nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl., til þess að leyfa niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna eyðileggingar, skemmda eða rýrnunar, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Vörurnar verða að hafa eyðilagzt, rýrnað eða skemmzt á leið hingað til lands, við affermingu eða við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna.

2. Vörunum sé framvísað fyrir tolleftirlitsmönnum og þeim gerð grein fyrir skemmdum þeirra eða rýrnun áður en þær eru fluttar úr geymslum tollgæzlunnar eða farmflytjanda.

   Sé um að ræða vörur, sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framangreindum geymslum, má skoðun þó fara fram heima hjá innflytjanda, enda fylgist tolleftirlitsmenn með heimflutningum og skoðunin sé framkvæmd strax að honum loknum.

   Skoðun, sem fer fram heima hjá innflytjanda skal framkvæmd af tveim tollmönnum, og ber innflytjanda að greiða viðkomandi tollstjóraskrifstofu allan kostnað af skoðuninni samkvæmt reikningi.